


Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	1/3 2016
Málsnr:	1603023
Bréfal:	105

26. febrúar 2016

Erindi frá Yrkjusjóði

Hvað er Yrkjusjóður?

Yrkjusjóður heitir fullu nafni Yrkja - sjóður æskunnar til ræktunar landsins. Hann kaupir og úthlutar trjáplöntum til grunnskólabarna samkvæmt umsóknum skólanna. Skógræktarfélag Íslands hefur umsjón með sjóðnum, sem lýtur sérstakri stjórn. Formaður stjórnar Yrkjusjóðs er Sigurður Pálsson skáld, skipaður af Vigdísí Finnbogadóttur.

Forsaga sjóðsins er sú, að árið 1990 var gefin út bókin Yrkja í tilefni 60 ára afmælis Vigdísar Finnbogadóttur sem þá var forseti Íslands. Hagnaður af sölu bókarinnar, ásamt öðrum framlögum, var settur í sjóð sem Vigdís stofnaði árið 1992. „Markmið sjóðsins er að kosta trjáplöntun íslenskra skólabarna á grunnskólastigi á ári hverju“ stendur í skipulagsskrá hans. Með þessu er honum ætlað að kynna mikilvægi skógræktar og ræktunar almennt fyrir unga fólkinu í landinu og ala þannig upp ræktendur framtíðarinnar.

Undanfarin ár hafa rúmlega 100 skólar sótt um og fengið úthlutað trjáplöntum. Hingað til hefur verið hægt að verða við öllum umsóknum skólanna og hafa um 8-10 þúsund nemendur gróðursett á milli 25.000-30.000 trjáplöntur árlega.

Starfsemi Yrkjusjóðs er orðin ómissandi hluti af starfi skólanna og hefur afar mikilvægt uppeldislegt gildi.


Beiðni um stuðning

Nú er svo komið að vegna fjármagnstekjuskatts og hærra verðs á plöntum er farið að þrengja verulega að möguleikum sjóðsins til úthlutunar. Samkvæmt stofnskrá Yrkjusjóðs er óheimilt að ganga á höfuðstól sjóðsins og eru vaxtatekjur einu föstu tekjur hans. Það er eindregin skoðun stjórnar Yrkjusjóðs að ekki megi draga saman framlög til plöntukaupa á þann veg að ekki sé hægt að úthluta öllum sem sækja um.

Því leyfum við okkur að óska eftir stuðningi nokkurra stærstu sveitarfélaga landsins, að lágmarki kr. 150.000, til þess að geta haldið áfram þessu mikilvæga starfi Yrkjusjóðs. Í gegnum tíðina hafa skólar í þessum sveitarfélögum fengið úthlutað trjáplöntum úr sjóðnum.


F. h. Yrkjusjóðs

Yrkjusjóður
b/t Skógræktarfélag Íslands
Þórunnartúni 6
105 Reykjavík


F. h. Skógræktarfélags Íslands

Sími: 551-8150
Netfang: skog@skog.is